

Siglingastofnun  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2002030052  
1603; 9310

Reykjavík, 17. apríl 2002  
/ÞFP

### **Efni: Sjóvörn við Kasthúsatjörn, Bessastaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvörn við Kasthúsatjörn, Bessastaðahreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bessastaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Bessastaðahreppi með bréfi dags. 4. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 11. apríl 2002.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða 250 m langa sjóvörn framan við Kasthúsatjörn. Þar er sjóvörn til staðar sem er orðin léleg og er flóðahætta fyrir hendi, auk þess sem Kasthúsatjörnin hefur verndargildi vegna fulgalífs. Áætluð efnisþörf er um 4.500 m<sup>3</sup>. Sjóvarnir í Bessastaðahreppi hafa verið unnar án þess að verkkaupi útvegi námurétt, en gerðar eru kröfur um gæði grjóts.

### **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögnum sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að unnið sé að friðlýsingu Kasthúsatjarnar. Fyrirhugaðar aðgerðir til að verja tjörnina ágangi sjávar samræmist friðlýsingunni og séu ekki þess eðlis að þær hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða 250 m langa sjóvörn við Kasthúsatjörn, Bessastaðahreppi. Framkvæmdin er

tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er endurbygging á sjóvörn, tekur til takmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvörn við Kasthúsatjörn, Bessastaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun verkur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Bessastaðahrepps svk. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem samþykkt var 13. október 1998.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Bessastaðahreppur og Náttúruvernd ríkisins